




# Lífgeislur

TÍMARIT UM LÍFSAMBÖND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR 36. TBL. 8. ÁRG. FEBR. 1982



Vér fáum vitranir í hvert skipti, sem vér sofnum.

*Helgi Pjeturss.*



# Sólmyrkvi

(Sjá forsíðumynd)

Eitt stórfenglegasta fyrirbæri, sem mannsauga gefst kostur á að líta, er almyrkvi á sólu. Þetta gerist aðeins á nokkurra ára fresti. Þá hagar svo til að tunglið er nákvæmlega í beinni stefnu milli jarðar og sólar og skyggir algjörlega á kringlu hennar. Og þetta gerist því aðeins, að tunglið sé í jarðnánd. Sé það í jarðfirrð, sýnist það minna og þótt það þá gangi fyrir sólina, skyggir það ekki algjörlega á hana, því ysta brún sólar stendur þá aðeins út undan kringlu þess á alla vegu. Þetta er kallað hringmyrkvi á sólu. Þá nær alskuggi tunglsins ekki alla leið til jarðar, en hann er að jafnaði 375 þúsund km að lengd. Meðalfjarlægð tungls frá jörðu er 384 þús. km. Stundum verða aðeins deildarmyrkvar á sólu. Þá skyggir tunglið aðeins á einhvern hluta sólar, stærri eða minni.

Á hverju ári verða meiri eða minni sólmyrkvar einhversstaðar á jörðinni, en almyrkvar eru sjaldgæfir. Ef lítið er til margra ára, þá verða tveir almyrkvar á sólu á þriggja ára tímabili að meðaltali, einhversstaðar á jörðinni.

Á myndinni á forsíðu sést vel kóróna sólar, en hún teygir sig stundum mörg sólarþvermál út í geiminn. Ef myndin kemur vel út, þá má einnig sjá eldblossa sólarinnar koma út undan dökkri kringlu tunglsins. Þessi eldgos ná oft tugþúsundir kílómetra út frá yfirborði sólarinnar og eru hin stórkostlegustu á að sjá, þeim sem útbúnað hafa til slíkrar skoðunar.

*Ingvor Agnársson.*

Myndin er í „Astronomi“ eftir Herbert Jim.



# Erindi og greinar

## SAMSTILLINGIN

Ekki er víst að allir geri sér grein fyrir undramætti samstillingarinnar, þó að máttur hennar blasi við öllum þeim, sem hugsun ræður. Tvær spýtur negldar í kross er allt annar hlutur en spýturnar hvor í sínu lagi. Snæri breytist í snöru, ef bundinn er á það hnútur. Búnt af sprekum er óbrjótandi, þó að hvert sprek sé veikt. Ein fruma er ómáttug en nógu margar saman mynda mann. Samstillingin var meginatriði í kenningu Helga Pjeturss.

*Hreyfingin.* Þess hefur verið getið, að hreyfing hlutanna væri ekki eins samfelld og hún sýndist, heldur ósamfelld. Hún er þannig, að eindirnar hverfa og myndast aftur í sífellu og hreyfast með því að breyta um stað. Hver hlutur eða heild er úr miklum grúa af eindum, sem eru samstilltar eftir þeim hætti, sem er á hverjum hlut. Hver eind er bundin heild sinni þannig, að hún myndast alltaf aftur í hlutum, þegar hún hreyfist, en ekki einhvers staðar utan hans. Þær eindir sem standa kyrrar meðan ein hreyfist beina myndun hennar á ákveðinn stað innan hlutarins en ekki utan hans. Öðru vísi gæti farið ef samstillingin væri þvílík að allar hreyfðust í einu. Þá væri hluturinn vís til að fara hamförum þangað sem fyrir væru þeir hlutir, sem væru honum líkastir og samstilltastir í heiminum. Jafnvel færu þeir að svífa í trássi við þyngdarlögmálið og verður komið að þessu atriði í sambandi við samstillingu lífsins.

*Samstilling á dauðum efnunum.* Frumeindir samstillast og mynda efnasambönd. Matarsalt er efnasamband úr klóri og natríum. Klór er gulgræn lofttegund, ákaflega eitruð en natríum er ljósleitur mjúkur málmur. Þessi mikla breyting sem verður við samstillinguna, stafar af því, að klórið hefur rænt rafeind af natríum og þá verða bæði atómin rafhláðin með gagnstæðu rafmagni. Rafkraftarnir toga eindirnar saman í kristalla sem eru gjörólíkir efnunum tveim. Vatnið



er gert úr súrefni og vatnsefni. Súrefnið sýður við  $\div 180\text{ C}^\circ$ , en vetnið við  $\div 252\text{ C}^\circ$ . Þessi mikli munur á frumefnum og samefni stafar af því að vatnssameindin myndar rafhlaðin skaut, þó að eindin í heild sé óhlaðin. Gagnstæð skaut draga hvort annað að sér og jákvætt skaut einnar sameindar dregur til sín neikvætt skaut annarrar. Þannig bítur hver sameind í skott annarrar og endalaus flækja myndast og þess vegna er vatn vökvi en ekki lofttegund.

*Ályktanir.* Samstilling innan lífvera og á milli þeirra er þeim lífsnauðsyn. Lífveran er aðeins samstilling, þjóðfélagið er ekkert nema samstilling heldur og samstillingin er endurminning um mynstur af hreyfingum. En samstillingin er á mjög misháu stigi. Stundum eru þjóðfélögin samstillt og átakahörð, því miður er það oftast til styrjalda. Stundum er einstaklingurinn allur að kikna undan lasleika, kröm og kvöl, stundum ljómar hann af hreysti.

Menn hafa leitað ráða til að samstillta einstaklinga í tilraunaskyni eða sér til hagsbóta. Örverur í rækt á tilraunastöðvum hafa verið samstilltar til að skipta sér sem flestar í einu með því að kæla þær niður um stund, svo að lífsstarfsemin sofni eða því sem næst. Þegar þær eru hitaðar upp aftur, svo að lífskjör þeirra verði bærileg, skipta þær sér í stórhópum. Búfé er látið eiga afkvæmi allt á sama tíma með því að bæla í því gangmálið með hormónum. Hormónin eru svo numin burt úr öllum samtímis. Þetta er gert í allstórum stíl hér á landi í sambandi við sæðingar sauðfjár.

Syfja og þreyta minnka innri samstillingu. Svefninn er bæling á ýmissi lífsstarfsemi, ekki síst á taugakerfinu. Hvíldin sem svefninn færir, er sennilega að miklu leyti samstilling á frumum líkamans og samhæfing á taugakerfinu.

Minna má á það hvernig vöðvi vinnur. Hann er úr mörgum örgrönnum frumubúntum og taugaboðin láta þau dragast saman. Þessi frumubúnt eru aldrei fullkomlega samtaka. Hvert búnt tekur á um stund, slaknar og þá herðast önnur upp í staðinn. Vöðvar eru missterkir að einhverju leyti, af því að þeir eru missamstilltir.

Á það hefur verið bent, að heildarorka í líkama er mjög svipuð, hvort sem lífvera er mögnuð eða máttlaus, en mestu munar um innri samstillingu. Sú orka, sem til okkar kann að streyma frá öðrum lífverum í svefni og vöku þarf ekki að vera mikil að vöxtum, hún gæti verið litlu eða engu meiri en sú orka, sem gefin er á móti, en ef hún er samstillandi, verður hún áhrifamikil, jafnvel stórkostleg.



Samstillingarmöguleikar þessara tugmilljarða eða hundruðmilljarða frumna, sem eru í líkamanum, þverra aldrei. Þegar þar við bætist, að í hverri frumu eru  $10^{13}$  sameindir, eru samstillingarmöguleikar innan frumunnar ótæmandi líka. En þar að gæti komið, að samstillingin verði þvítík, að allar eindir hreyfi sig í einu og þá fer eins og fyrr er sagt, þyngdarlögmálið hættir að gilda, heimurinn missir víðáttu sína, samstillingin sigrar stærð heimsins. Þá verður samband við aðrar stjórnur eins eðlilegt og sambandið við íbúa hússins, sem búið er í.

*Þorsteinn Þorsteinsson,  
lífefnafræðingur.*

## TIL LESENDNA LÍFGEISLA

Með þessu hefti LÍFGEISLA, sem er hið 36. í röðinni frá upphafi, byrjar áttundi árgangur þessa rits. Vonumst við eftir, að það megi ná til sem flestra, og í því skyni viljum við hvetja alla áskrifendur þess og velunnara, til að afla því nýrra áskrifenda, hver eftir sinni getu og aðstæðum.

Því miður verður ekki hjá því komist, að hækka verð þessa rits fyrir árið 1982, vegna síaukinnar verðbólgu. Hefur áskrifarverð þess verið ákveðið kr. 125,00 fyrir þetta ár. Vonumst við eftir, að það hindri engan í að halda áskrift áfram, eða að nýir menn gerist áskrifendur.

Við viljum biðja þá, sem skipt hafa um dvalarstað, að senda okkur upplýsingar um hin nýju heimilisföng, svo að ritið geti komist til skila.

Fjölgun áskrifenda er mikilvæg, bæði vegna fjárhagslegrar afkomu útgáfunnar og ekki síst til kynningar á því málefni, sem ritinu er ætlað að flytja og boða. Tilgangur þess er að glæða skilning manna á eðli lífs og lífsambanda í ljósi þeirra rannsókna og uppgötvana, sem dr. Helgi Þjeturss var upphafsmaður að. Teljum við fátt mikilvægara en framgang þessa málefnis.

Kæru lesendur LÍFGEISLA: Sendið ritinu frásagnir ýmiskonar, um drauma, fyrirburði, dulræn efni o. fl. og ritgerðir um eitt og annað í anda Nýalsstefnunnar. Allar slíkar frásagnir frá sem flestum, miða að fjölbreytni þessa rits og auka gildi þess.

Svo óska ég lesendur góðs gengis og heilsu og farsældar á nýbyrjuðu ári.

F. h. ritstjórnar LÍFGEISLA,

*Ingvar Agnarsson.*



## TVENNT EFTIRTEKTARVERT

Tvennt eftirtektarvert kann ég að segja af því, sem mér hefir sagt verið um Niels Hallgrímsson frá Grímsstöðum, en hann var um eitthvert skeið ævi sinnar truflaður á sönsu. Hafði slíkt þó mjög verið háð því, hverja hann umgekkst. Þannig hafði honum jafnan horfið óráð og slæmar ofskynjanir, þegar hann var staddur inni hjá Svövu Þórhallsdóttur á Hvanneyri, en þar var Niels víst eitthvað til heimilis um tíma. Ennfremur sagði mér Jón Helgason frá Ásbjarnarstöðum, síðan í Borgarnesi, að í návist sinni hefði óráð jafnan runnið af Nielsi, og sagði hann mér sem dæmi um það, að eitthvert sinn hefði Niels sloppið til sín úr höndum gæslumanna sinna, þar sem hann hefði þá vírst vera alveg brjálaður, en inni hjá sér hefði þá ekki borið á neinu slíku. Var þetta í góðu samræmi við það, sem bróðir Jóns, Halldór Helgason, skáld á Ásbjarnarstöðum sagði mér eitt sinn um annan mann, eitthvað skyntruflaðan, sem hjá Halldóri þóttist finna einhver lækandi áhrif. Er þetta að vísu eftirtektarvert, því að það styður mjög ljóslega hinar nýölsku kenningar um mismunandi stilliáhrif manna. En hið eftirtektarverða, sem ég sérstaklega ætlaði hér að segja frá, voru bein áhrif frá Nielsi á líflausan hlut. Sagði Jón mér, sem var hagleiksmaður mikill og fékkst meðal annars við viðgerðir á úrum, að stundum hafi áhrifin frá Nielsi verið slík, að úr hættu að ganga, ef hann tók þau í lófa sinn, og er þetta að vísu ekki óskýlt sumu því, sem síðar hefir komið á daginn.

Það var í eina skiptið, sem ég átti tal við Jón þennan Helgason, að hann sagði mér þetta, sem ég nú hefi rífað upp eftir 40 til 50 ár. Litlu fyrr mun það þó hafa verið, að Guðmundur Bjarnason á Hæli í Flókadal sagði mér eitthvað frá kynnum sínum af Nielsi. En eitt var á þá leið, sem ekki var laust við, að Guðmundi þætti skoplegt, en það var að Niels þóttist í sínu ofskynjunarástandi hitta hest sinn, sem hann eitt sinn hafði átt, en var þá ekki á lífi, og sá hann þá hestinn staddan á grænni grund og vera að bíta gras. Hygg ég, að þarna hafi verið um raunveruleik að ræða, og þykir mér það eftirtektarvert vegna þess, í hve góðu samræmi það er við hinn nýalska framlífsskilning.

*Þorsteinn Jónsson  
á Úlfstöðum.*



## EINKENNILEG FYRIRBÆRI

*Frásagnir Ásbildar Öfjörð.*

### Hvarf hrærivélar

Það mun hafa verið um miðjan október 1981. Ég tek fram í byrjun, að ég er ekki ólm í að baka. Þykir það fremur leiðinlegt starf. En nú ætla ég þó að baka. Tek til allt sem til þarf. Svo fer ég fram í búr til að ná í hrærivélina, sem ég vissi upp á hár hvar var. Þar er þá engin hrærivél! Ég leita um allt búrið, svo í eldhúsinu, allir skápar í rannsókn, engin hrærivél. Valberg, maðurinn minn kemur inn, ég var orðin örg yfir því að finna ekki vélina og segi honum það. Hann svarar að „*einhver* hafi hana að láni“ og glotti við. Ég fer aðra ferð í leit og alveg sama sagan. Svo í þriðju ferð í búrið í leit, þá stendur hrærivélin þar á svo áberandi stað að mér féllust hendur, svo margbúin sem ég var að fara yfir þennan stað, en þarna var hún.

### Hark í sundlaugarbyggingu

Um vorið 1976, að mig minnir, var hjá okkur í skólanum drengur frá Sauðanesi v/Siglufjörð, ári yngri en Magnús, sonur okkar. Þá er M. á 12. ári, en Sauðanesdrengurinn Jón Trausti á 11. eða orðinn það nýlega. Þeir félagar eru beðnir um að skreppa út í sundlaugarhús og gæta að, hvort allt sé lokað. Kl. var 12 og allir háttaðir, en vakandi. Hlýtt var í veðri og kyrrt, dimmt í lofti. Þeir fara og gá á bæði borð, kvennabað og karlabað, líta út á sundlaugarbakka, hliðið lokað, allt hljótt. Þeir loka útidyrum er lágu að sundlaug, síðan ganga þeir í gegnum karlabaðherbergi. Þá er tekið all harkalega í útihurð og hrist hurðin, þeir gá þá út aftur, grunaði ekki neitt undarlegt, en þá er þar enginn utandyra. Þeir skella þá aftur í lás og hlaupa út úr búningsklefum, loka hurð og síðan út úr sundlaugarafgreiðslu og skella í lás. Það er þá sem skiptir engum togum um leið og lásinn er kominn á er byrjað að hamast á hurð



og barið og rykkt í. Þeir félagar hlupu inn í íbúðarhús og tilkynntu um leið að allt væri læst fyrir nóttina (en það var maðurinn minn, er það þá fara þetta). Síðan skriðu þeir í bólið og biðu í ofvæni eftir *einhverju*. Ekki gátu þeir sofnað fyrr en síðari hluta nætur, af ótta við að þetta *ókunna* kæmi á eftir þeim. Magnús og Jón Trausti skrifuðu svo þennan atburð niður og á ég þetta einhversstaðar í *fórum* mínum með þeirra orðum.

Aðalbjörg dóttir mín var eitt sinn við gæslu sundlaugarinnar og var allt fólk farið um kvöldið, aðeins hún ein að ganga frá, slökkva ljós og taka straum af dælum. Er þetta var búíð og gert og hún á förum, heyrði hún slík læti í lauginni, að hún rýkur út á sundlaugarstétt. Þá eru hlátrar, gusugangur og önnur læti þar í lauginni, en þagnar er hún hefur staðnæmst litla stund. Hún var talsvert undrandi og svolítið smeyk. en lokaði þó öllu á eftir sér með rólegheitum. Ekki taldi hún þetta *ofbeyrn* né heldur stafa af þreytu.

Sundlaugargestir höfðu verið þetta kvöld mest fullorðið fólk, en ólætin líkust krakkahlátri og sköllum, eins og fylgja vissum aldursflokki.

## Aðvörunarhögg

Síðla vetrar 1978 var það að Hannes sonur okkar fékk æði í að kaupa mótorhjól og var hann þá í fjölbrautarskóla Sauðárkróks. Varð það úr að hann keypti hjól af skólabróður sínum. Lítt vorum við foreldrar hans hrifin, síst af öllu ég. Nú var Hannes búinn að koma heim í skólafrí á þessari gandreid, farinn í skólann aftur. Fóru nú að heyrast högg í húsinu, þó einkum við dyr og það oft og þétt, svo að ekki var farið að taka mark á, þó alvörugestir berðu að dyrum. Ekki var þetta á sömu hæð altént. Nokkrum sinnum fór ég í átt að þeim stöðvum sem barið var, en hafði ekkert upp úr því annað en stundum var bankað á lokaða hurð rétt við nefið á mér og enginn handan þeirrar hurðar, er að var gáð og engum vitanlega auðið að fela sig né komast út úr því herbergi, er hurðin var á, án þess ég yrði vör við. Þessi högg héldu áfram.

Hannes þá 16 ára, kom aftur í helgarfrí, er rétt sestur inn í stofu



og farinn að segja okkur frá skólalífínu, þá er barið all hátt og hveltt rétt við dyr íbúðar þrjú högg (þau voru alltaf þrjú). Hannes rýkur upp og fer til dyra, en hann kemur inn aftur og segir hann engan kominn vera. Þá er barið aftur og enn rýkur hann upp. Ég segi honum að vera rólegum, því þetta sé orðinn daglegur viðburður og við séum búin að leita um allt hús. Eitthvað var hann órólegur út af þessu. Svo líður vetur og vor og hann kemur heim til veru og vinnu. Einn dag er hringt til hans og er það fermingarsystir hans með samskonar delli, biður hann að lagfæra hjólið fyrir sig. Jú, hann fer. Stuttu síðar heyrast tvö högg niðri á neðri hæð og eitt glöggt síðar. Hálf tíma síðar er hringt og tilkynnt að Hannes hafi keyrt út af eða réttara flogið og slasast verulega. Við fórum með hann út á Siglufjörð á sjúkrahúsið. Þar var gert að sárum hans, handarbaksbrot tvö bein, skurðir á fótum, mar á baki og erfitt með andardrátt. Þó slapp hann með skrekkin, því örskammt þar frá sem hann flaug af hjólinu var gaddaherfi og hefði þá ekki þurft að spyrja að leikslokum. Höggin heyrðust ekki meira. Hver var að vara við? Víst er, að ekki var hægt að koma í veg fyrir þetta slys. Enginn hefði trúað mér, þó ég segði þetta vera aðvörun og bæri í brjósti sífelldan ugg út af hjólinu og teldi högg þessi vera viðvörun til hans.

## Fótatak

Frá því við fluttum í Sólgarða hefur eitt og annað gerst, sem frásögu er vert, svo sem það, er tvær systurnar sváfu á neðri hæð (kjallara hússins) yfir sumarið og Rögnvaldur, elsti bróðir þeirra, á efri hæð.

Eitt kvöld er Rögnvaldur er sofnaður en þær systur, Aðalbjörg og Valdís vakandi, heyra þær greinilega að þrammað er all harkalega um gólf uppi og hugsuðu með sér að nú væri Röggi þar á ferð og skeyttu ekki um (björt sumarnótt). Að lítilli stundu liðinni er Röggi kominn niður til þeirra systra sinna og heldur gustur á honum: Hvað það eigi að þýða að þramma svona með hávaða um alla ganga og halda vöku fyrir þeim, sem þurfa að sofa: Það kom nú heldur



betur svipur á þær systur: Hvað það ætti að þýða að bera slíkt á þær, þar sem hann hefði þrammað með slíku offorsi rétt áður um ganginn uppi. Engin var á þessu skýring. En þau voru þó óhrædd við þetta.

## Dulheyrn vegna dáins hunds

Ég set hér frásögn um fyrirbæri, sem flokkast undir „dulheyrn“. Fyrir nokkrum árum áttum við hund, sem Kátur hét, ákaflega tryggan og hændan að börnunum mínum. Nokkuð var Kátur orðinn aldinn, en þó ekki til бага, en þar sem við bjuggum inni í skólahúsi og íbúðin innan við skólastofur, var ekki lengur vært vegna aðkomubarna (skólabarna) að eiga Kát lengur. Þar sem Kátur var byssuhræddur og við fengum aðkomumann, byssuvanan, til að aflífa dýrið. Kom það í minn hlut að gefa aumingja Kát svefn-töflu (Mogadon) og hélt ég utan um hundinn, á meðan hann var að sofna, þó að mér væri ekki vel við svona aðfarir. Kátur var síðan grafinn í snjó þar til hægt væri að veita honum veglegri útför, en það var stuttu síðar.

Þetta gerðist sem sé í miðri viku, en um helgina komu heim frá Akureyri, dætur mínar tvær. Greinilega urðu þær varar við fótatak og umgang hundsins, er þær voru sestar um kyrrt. En hann hafði ætíð fagnað systkinunum mjög, er þau komu úr langri fjarveru eða vikudvöl í framhaldsskóla. Svo er það um sumar, 1—2 árum eftir þetta, að önnur dóttirin kemur heim með unnusta sínum og ætla þau að dvelja um helgi. Fara þau á dansleik með öðrum, en koma fyrir heim af ballinu, fara inn í eldhús og fá sér þar kaffi og eru að rabba saman. Heyra þau þá bæði, að hurð í ganginum er ýtt upp og fellur hún að þili. Ungu stúlkan var strax á verði (hver var að koma?). Þá heyra þau bæði fótatak hunds og staðnæmist það framan við eldhússdyrnar opnar.

Dóttir mín sagði mér það daginn eftir, að hún hefði bara búist við að sjá Kát þarna í dyrunum, og það var hálfgerður söknuður í rómnum hjá henni. En nú eru börnin mín víst það sem kallast næm og er það ríkt í ættinni og þó báðum ættum.

*Ashildur Öfjörð.*



## ÁHRIF ÓÐINS OG DÍA Á ÍSLENSKA ÞJÓÐ

Strax á unglingsárum eftir að hafa lesið um Óðinn og æsi, var ég talinn hundheiðinn. Þessar sagnir tóku mig svo sterkum tökum, að hver og biblíusögur hurfu mér að mestu.

Hvað þessar sagnir hafa orkað sterkt á Íslendinga skal ég ekki um dæma, enda aldrei verið krufið, en Svíar bera merki þessa þjóðflokks enn í dag.

Ég tel ekki fráleitt að Nýalssinnar gæfu þessu gaum og veit enda að margir þeirra hafa gert það og mikið er þar að kryfja.

Við höfum löngum heillast af æterni og ættartölum og kannske væri það ekki ómerkilegra en sumt annað snakk, að leita enn í þann farveg, án þess að einblína alltaf á Norðmenn, að þeim ólöstuðum.

Það má vel vera að síðar sannist betur um æterni okkar. Um og fyrir Íslands byggð flykktust til Norðurlanda ótal þjóðarbrot smá og stór, því þá var hið mikla Rómarríki í fjörbrotum. Þessir flokkar voru engir húsgangar, heldur úrvalsfólk, sem kynnst hafði að einhverju mestu menningu þessarar álfu. Það er alltaf kjarninn úr fólkinu sem reynir að hrista af sér hlekkina og leitar nýrrar staðfestu. Þetta segja okkur rúnasteinarnir, allt frá Svartahafi til Norðurlanda og munu einhverjir þeir enn bíða ófundnir.

Það má ekki gleymast, að menning Rómverja var í raun alþjóðleg á þeirra tíma vísu, neisti sem ekki náði rótfestu, dó þó ekki, heldur duldist með fólkinu sem flúði.

Þessir flökkuhópar settust um skeið að í Svíþjóð (Æsir) Danmörku og suðvestur Noregi (Herúlar að hyggju dr. Barða Guðmundssonar). Sumt af þessu fólki festi ekki rætur og flutti burtu. Þó hyggur B. G. að Herúlar hafi kannske haldið suðvestur-Noregi í 150 ár og ef til vill lengur. Allir þessir hópar munu hafa lært mál það, sem kölluð er skandinavíska og þá talað um öll Norðurlönd og lengra austur.

Mér hefur alltaf skilist betur án allra sanninda, að stríð Haraldar hárfagra hafi aðallega staðið við þennn flökkulýð, sem lítt hefur langað í nýja kúgun. Þessa hópa drap hann eða flæmdi úr landi og vann sinn lokasigur á þeim í Hafursfjarðarorrustu. Þá flýði það sem eftir lifði heim til sín, tók það sem tagltækt var og hélt á ný mið. Má þar til nefna Suðreyjar og Englandsstrendur. Sagan var þó ekki



þar með öll. Haraldur gerði út leiðangur á þessar slóðir og þá mun straumurinn mikið hafa legið til Íslands. Það er ekki af neinu yfirlæti að mér hefur hugkvæmst, að við séum best kynjaða þjóð Norðurlanda.

Við fengum líka írskan arf og kannske ekki síst af þrælum. Víkingar voru engir aular. Auðvitað völdu þeir mansmenn af list og kannske hefur þetta fólk hvíslað mörgu í eyra íslenskra barna, sem síðar bar ávöxt. En hin gömlu fleygu kvæði eru ekki þaðan komin. Kristnir Írar lögðu ekki þar að anda né hendur. Þau eru komin frá Ásum, Herólum og víðar að. að þarf ekki að leggja Ara til lasts þótt hann kenni allt við Norðmenn, sem hann hélt frá Noregi, þar sem hann talar um að Haraldur hafi komið tekið á sína hendi öll óðöl í Noregi, er held ég barnaskapur. Hefði hann gert það, mundi hann ekki hafa kembt hærurnar, en af áður nefndu fólki tók hann allt og gaf sínum vildarmönnum. Þarna hefur Ari lent í skakka messu og sagnfræðingar amenað.

Hér er ekki staður né stund til að telja fram allt það ólíka með landnámsmönnum og hinum eiginlegu Norðmönnum þeirra tíma. Okkur vantar í myndina hölda, hersa, líkbrennslu og jarla og konungsstjórn sem þá var að verða tíska. Goða fengum við aftur frá Herólum og á þeirra svæði sótti Úlfljótur sínar lagaslitur. Skálda-auðnin í Noregi við Íslandsbyggð?

### KOMA ÁSA TIL NORÐURLANDA.

Þegar Ásabór kom til Norðurlanda og með honum Díar, er sagt í fornum sannfræðum, að þeir hófu og kenndu íþróttir, er menn hafa um aldir síðan iðkað. Óðinn var þeirra göfugastur og af honum námu þeir íþróttirnar andlegar og líkamlegar. Hann kunnir þær flestar fyrst og síðar allar. Fyrir sakir þessa er hann átti hlutdeild að, var hann mjög tignaður. Óðinn var svo fagur og göfuglegur ásýndum, er hann sat með vinum sínum, að öllum hló hugur í brjósti. En væri hann í her sýndist hann grimmilegur sínum óvinum. *Það bar til að hann skipti litum og líkjum á hverja lund er hann vildi.* Önnur var sú að hann talaði svo snjallt og slétt að öllum er á heyrðu, þótti það eitt satt vera. Allt mælti hann í hendingum, sem nú er kallað kveðið og skáldskapur heitir.

### FRÁ ÍÞRÓTTUM ÓÐINS.

*Óðinn skipti hömum og lá þá líkaminn sem sofinn eða dauður. en sjálfur var hann fugl eða dýr, fiskur eða ormur.*



Fór hann þá á svípstundu um fjarlæg lönd að sinna sínum erindum eða annarra manna. Þá kunni hann með orðum einum að slökkva eld, kyrra sjó og snúa vindum á þá leið er hann vildi. Skip átti hann er Skíðblaðnir hét, sem hann fór á sjó yfir stór höf, hann mátti vefja saman sem dúk. (Fljúgandi klæði.)

Óðinn hafði með sér höfuð Mímis, vinar síns, er bandamenn hans sviku í tryggðum og drápu. *Þetta höfuð magnaði hann svo að það sagði honum tíðindi úr öðrum heimum.* Einnig vakti hann upp dauða menn úr jörðu eða settist undir hanga. Fyrir þetta var hann kallaður drauga- eða hangadróttinn. Allar þessar íþróttir kenndi hann með rúnum eða ljóðum þeim er galdrar heita. Óðinn kunni þá íþrótt er mestur máttur fylgdi og framdi sjálfur, það er seiður heitir. Af þessu mátti hann vita um örlög manna og óorðna hluti svo og gera mönnum bana og óheilindi. Einnig taka af mönnum og gefa öðrum vit.

Segja má að sagnir um Óðinn sé heimur út af fyrir sig, sem vert væri að athuga nánar með framtíðina í huga. Bara skáldskapur segja aðrir, en varúð skyldi viðhöfð þegar greina skal skáldskap og það sem talin eru sannindi. Æsir benda út fyrir þennan hnött. Sagnir um Óðinn til Krists og margra annarra andans manna, sem byggt hafa þennan hnött. Kannske er þetta einskonar vogrek allra eign. Hvernig það hefur skolast að okkar strönd vitum vér ej enn. Munum bara að gæta þess betur en áður.

*Halldór Pjetursson.*

## **M Y R —**

### **Úr „Gleymd stef en geymd“ eftir Símon Jóh. Ágústsson.**

En frostið beit þann naprast, er sat við brunnið bál,  
í bestu minningunni á dýpsta sorgin heima.

---

Að hafa verið ungur, en hafa aðeins dreymt  
er hart. En svona er lífið einu sinni.

---

Vér getum aldrei tekið upp leik í lífsins tafli,  
allt líður og vér heimtum ekki gagna stund til baka.



## SAGA NORÐURSINS

Í sunnudagsblaði „Þjóðviljans“ 30. jan. 1982, er langt og at-  
hyglisvert viðtal við Halldór Pjetursson rithöfund, sem mikið hefur  
grúskað í fornri sögu og fræðum. Halldór fylgir þarna mjög kenn-  
ingu Barða Guðmundssonar, sagnfræðings, um þjóðflokkinn Herúla,  
sem kunnur er af ýmsum heimildum úr frum-miðaldasögu. Voru  
Herúlar upphaflega búsettir í Danmörku, en komust á hreyfingu  
á þjóðflutningatímanum, og fóru þá víða (gengu að því með Auð-  
vakri að afnema Rómarríki árið 476), en undir 600 mun hluti þeirra  
hafa snúið aftur til Norðurlanda og sett þar að, líklega í Suðvestur-  
Noregi og Suðvestur-Svíþjóð. Til þess landnáms rekur Barði upp-  
runa Íslendinga. Alfræðibókin *brezka* (Encyclopedia Britannica)  
segir, að engar sögur fari af Herúlum eftir 600, en það er ófað  
ekki rétt, því að á norrænum rúnaristum stendur „ek erilar“ nokkuð  
víða og þýðir „ég Herúlinn“. En einnig er þetta orð, „erilar“, frum-  
mynd orðsins *jarl*, sem síðar varð tignarheiti á Norðurlöndum og  
víðar. Í ljóðum Eddu vottar glögglega fyrir því, að ‘jarl’ þýðir ekki  
einungis fylkisstjóra eða slíkt, heldur fjölmennan þjóðflokk eða  
stétt: „Jörlum öllum óðal batni“, segir þar sem verið var að rekja  
harmatölur í höll. Átti „jörlum og snótum“ að batna við það, að  
hinar sáru minningar væru upp rifjaðar, líkt og þegar fólk „vitnar“  
á trúarsamkomum.

Á tíundu öldinni, eftir að forfeður Íslendinga voru farnir vestur,  
þróuðust jarlar í Vestur-Noregi upp í það að vera einkonar fylkis-  
stjórar yfirkonungsins af ætt Haralds hárfagra. En þegar Hákon  
jarl hinn ágætí ríkti í Prándheimi og vestanfjalls um 970—995, var  
hann að mestu óháður konungum, en gerði aðra jarla sér háða,  
eins og Einar skálaglamm segir í *Velleklu*:

Hvar viti öld und einum  
jarðbyggja svo liggja  
— það skyldi her um hugsa —  
hjarl sextán jarla.

„Sextán jarla land (hjarl)“ voru jafnmörg fylki í Vestur-Noregi  
og Prándheimi, og er auðséð, að Einari finnst mikið til um þvílíkt  
vald á hendi eins manns, — þó að honum væri fullkunnugt um  
stærri konungsríki annars staðar. Það er líka dálítið gaman að því  
að Einar skuli nefna Hákon vin sinn „jarðbyggja“ — og bendir  
það til víðsýnis í tíma og rúmi, sem ekki hefur verið of mikið um  
í sögu þessarar reikistjörnu sem nefnist Jörð.

*Þorsteinn Guðjónsson.*



## SAMBAND VIÐ FRAMLIDNA

Ef einhver héldi því fram við mig, að lítið væri að græða á miðilsfundum Nýalssinna, þá myndi ég trúlega ekki reyna að mótmæla honum, heldur láta hann um þessa skoðun sína. Sjálfur er ég þó á annarri skoðun, og skal hér segja frá dæmi, sem eitt meðal annars styður þá skoðun. Náttúrulega geri ég undireins ráð fyrir því, að fjarhrif og hugarafsvæði séu til, séu óvæfengjanlegur hluti tilverunnar, enda þarf ekki að fjölyrða um slíkt. En vandinn er að rekja rétt, hvernig slík áhrif tengjast og fléttast, miðað við hvaðeina sem er og gerist.

Eins og ég býst við að mörgum sé kunnugt, sem eitthvað hafa leitt hugann að málefnum Nýalssinna, þá erum við Sveinn Haraldsson orðnir nokkuð gamlir kunningjar, og gamal-samvanir í þessum málum, enda höfum við nú um skeið búið undir sama þaki. Þetta þýðir þó ekki að við séum alltaf að tala saman, því að þeir sem þekkja orðið vel hvor á annan, hafa stundum gott af að hvíla sig á slíku. Sú hefur orðið raunin, að stundum fer færra á milli okkar en stundum fleira. Ekki er það ósjaldan, þegar Sveinn segir mér drauma sína, að mér þykir þeir bera vott um áhrif frá því sem ég hef verið að hugsa rétt áður, án þess að nokkur ástæða ætti að vera til þess að hann vissi þar um.

Um 10.—12. febrúar sl. les ég eða heyri frétt um það, að verið sé að biðja um forn íslensk handrit til sýningar í Vesturheimi. Af ýmsum ástæðum, sem ekki voru stjórnmálalegar, varð mér undireins um það hugað, að vel yrði vikizt undir þessa beiðni. En fljótlega kom í ljós, að ýmsir ísl. menntamenn tóku þessari málaleitun misjafnlega, og skal ég engum getum leiða að ástæðum. Kemur þá þessi hugsun upp hjá mér: „Ætti ég að reyna, með pennanum, að hafa áhrif á þetta mál? Verður nokkurt mark tekið á mér? Ef ég legg hér eitthvað til um, að handritin verði lánuð vestur, verður mér undireins skipað í flokk eftir því: með Ameríku, móti Rússum (o. s. frv.). — Efni málsins verður þó að ráða“. Eitthvað á þessa lund voru hugsanir mínar, og einnig hitt, að þægilegast væri að segja ekki neitt. En þetta mál lét mig þó ekki í friði, og niðurstaðan varð sú að ég setti saman smágrein, sem síðar birtist í blaði. Greinarkorninu kom ég í réttar hendur á mánudag, og sennilegast er, að það hafi verið lesið af hlutaðeigend-



um sama dag, og að þeim hafi ekki verið það leitt, sem lásu.

Um kvöldið sat ég ásamt öðrum sambandsfund hjá Sveini Haraldssyni, (sem ekkert vissi um þessar hugrenningar mínar) og komu þar meðal annars fram „handanað“ Þórbergur Þórðarson, rithöfundur og Bjarni Benediktsson, stjórnmalamaður. En þeir hafa báðir alloft komið fram í sambandinu. Því veitti ég nú athygli, að ræða Bjarna var óvenjumikið með stjórnmalalegum blæ, gagnstætt því, sem venja er hjá honum. Ég spurði hvort þeir væru góðir kunningjar, hann og Þórbergur. Játaði hann því, hrósaði mjög gáfum Þórbergs og hæfileikum, en bætti þó við, að strákurinn væri nú enn í sér. Fengi kunninginn (P. Þ.) stundum að kenna á því, — en þó semdu þeir slíkt jafnan vel með sér áður en lyki. Einnig voru í ræðu Bjarna orð, sem véku að stöðu stjórnmalanna, eins og þau eru hér nú, og voru þau öllu líkari því sem ætla mætti flokksmanni hér á jörð en óflokksbundnum á annarri jörð. Í raun og veru var eins og Bjarni hefði þarna í sambandinu mun ákveðnari stefnu í stjórnmalum, en ætla mætti hvorum sem væri okkar Sveins og reyndar einnig öðrum þarna á fundinum.

Af þessu dæmi þykist ég örugglega mega ráða, að það sem fram kom í sambandinu hafi í fyrsta lagi ekki verið frá miðlinum sjálfum, heldur frá sambandsmanninum, og engin ástæða sé til að ætla, að hann hafi verið annar en sá sem hann sagðist vera. Í öðru lagi tel ég mun líklegra, að stilliáhrifin til þess, að þessi maður kom fram og að hann kom á þennan hátt, hafi verið frá blaðamönnum blaðs þess sem hann ritstýrði á sínum tíma, en frá mér. Hugur blaðamannanna til mín gerði mig eins og stilli fyrir þeirra hönd eða þá hann verkaði beint á miðilinn. Í þriðja lagi sýnist mér sem þetta dæmi mætti benda til þess, að hugur manna sé í framlífi ekki allskostar óbundinn af því, sem þeir skildu eftir sig hér á jörð, enda þótt þeir hefji sig að ýmsu leyti á hærra stig en það, sem markaðist af hinum jarðnesku ástæðum.

Þórbergur Þórðarson og Bjarni Benediktsson töluðu við Nýalsinna á sambandsfundi kvöldið 15. febrúar 1982. Það er atburður sem lengi skal í minnum hafður.

*Þorsteinn Guðjónsson.*



## TÝNDA BÓKIN

Í tímaritinu „Lífgeislum“, 34. tbl. 7. árg., er þess óskað, að lesendur eða aðrir láti ritinu í té frásagnir til birtingar um þau nokkuð algengu fyrirbæri, þegar hlutir hverfa sjónum manns, án þess að þar fáiast nokkur skýring á. Mér er ljúft að greina hér frá einu slíku og vel þá atvik af nokkrum fleirum, sem mest var búið að reyna að finna skýringu á. Fer frásögnin hér á eftir.

Að áliðnum vetri eða snemma vors, árið 1975, lánaði mér ágætur kunningi minn og nábúi í fjöldamörg ár, fjölrítaðan bækling, sem honum hafði þá nýlega verið sendur frá Félagi Nýalssinna. Bók þessi er „Miðgarður“, 1. tbl. 1975, tölusett eintak nr. 2.

Svo var ráð fyrir gert, að Bjarni á Brekkubæ (sá var eigandi bókarinnar) yrði á ferð næsta dag og tæki hann þá með sér umrædda bók. En til þess að hún gleymdist síður, lét ég hana liggja auðbæra á náttborði mínu og þar sást hún liggja þann sama morgun, sem átti að skila henni, en þá sást þar engin bók og fannst ekki, þrátt fyrir ítrekaða og nákvæma leit af öllum á heimilinu, því óneitanlega vakti fyrirbæri þetta nokkra furðu, sem var hvetjandi til að vita það sanna í málinu. En allt kom fyrir ekki.

Nú líður nokkuð á þriðja ár og atvik þetta komið í geymslu óleysanlegra vandamála. Til viðbótar má geta þess, að á þeim tíma var í tvö skipti flutt búferlum og þar af leiðandi voru bækur og búslóð öll vandlega yfirfarin og tvívegis frá gengin við breytta aðstöðu. Eftir þetta allt saman skeður undrið: Hin týnda bók liggur auðbær ofan á stafla af „Lífgeislum“, sem ég hafði sjálfur safnað og þar með var leyndardómurinn orðinn hálfu meiri en áður hafði verið.

Í frásögn þessari hefur verið stiklað á stóru, þó fleira mætti um það segja til vitanis, að satt er sagt. Er hætt við að ekki yrði til annars en dýpka leyndardóminn til jafns við að upplýsa.

*Guðm. Guðbjartsson  
frá Austurból.*



## SAMSKYNJUN STJARNBÚA

### Stjörnuhiminn — draumsýn.

Draumgjafi minn! Þú, sem skapar mér drauma. — Ég leggst til hvíldar, bý mig undir svefninn. Og óðar hefst samband okkar. Eigin vitund hverfur, en þín vitund tekur við. Ég skynja hugsun þína, minningar og líf á þessari stundu. Þú horfir á stjörnuhimin þinnar jarðar. Þú hefur oft séð hann áður. En nú skynja ég hann einnig. Þín sýn og stjörnuathugun verður mér draumsýn. Ég horfi á himin þinn með þér. Ég renni með þér augum yfir allstórt svæði himins. Bjartar stjörnur blasa við augum. Og stjörnumerki gjörólík þeim er sjást frá minni jörð. Mig langar til að staldra við og horfa lengur á sum þessara stjörnumerki, en mér verður ekki að þeirri ósk, því þú ræður ferðinni, líklega af því að þú skynjar ekki til mín.

Augu þín staðnæmast við stóran, hvítan blett, alskínandi. Mikil stjörnuþyrping er þar á himni, lík kúlupyrpingum minnar vetrarbrautar, en margfallt stærrí að sjá, eða eins og slíkar stjörnuþyrpingar sjást héðan í sterkum stjörnusjám. Heillaður horfi ég með þínum augum á þessa fögru himinsýn. Þú nýtur þessarar sýnar og ég nýt hennar með þér. Þessi sýn grópast í sofandi vitund mína, svo djúpt, að hún berst skýrt inn í vökuvitund mína, þegar draumsamband mitt við þig rofnar.

Og um leið og ég vakna, verður mér þegar ljóst, að ég hef farið í einskonar heimsókn til annars hnattar, þar sem þú átt heima, og þú hefur gerst gestgjafi minn eða sýngjafi og sýnt mér með þínum eigin augum þann hluta himins þíns, sem fegurstur er. Þessari heimsókn minni til þín fylgir magnan nokkur, því sælukennd fyllir sálu mína, fyrst eftir að ég vakna. Líklega ert þú lífmagnaðri, en við jarðarmenn.

Kæri draumgjafi minn! Gjarna vildi ég aftur finna þig og sjá með þínum augum fleiri furður hnattar þíns og himins, og magnast af mætti þínum.

*Ingvar Agnarsson.*



## NÝALL — KENNING

1. Svefninn er sambandsástand og leið magnanar.
2. Draumlífið er einn þáttur þessarar magnanar.
3. Draumgjafinn á heima á öðrum hnetti.
4. „Ég“ dreymandans á við draumgjafann.
5. Áhrif annarra ráða miklu um val á draumgjafa.
6. Víxlmagnan á sér stað manna á milli.
7. Sambandsástand miðils er sama eðlis og svefn.
8. „Andinn“ er samskonar vera og draumgjafinn.
9. Draumheimur vor er sama og andaheimur miðilsins.
10. Andaheimur trúarinnar er lífheimur annarra hnatta.
11. Áhrif fundarmanna ráða miklu um val á „anda“.
12. Geðklofi og móðursýki eru sambandsveikindi.
13. Lífmyndirnar geisla áhrifum hnatta á milli.

*(Nýall, bls. 228—235, samandregið).*

*Gunnar Hjörvar tók saman.*

## KÖLLUN

Íslensk þjóð er ómissandi fyrir heimsmenninguna.

Íslensk tunga hefir gildi fyrir allt mannkyn.

Íslensk heimspeki er þýðingarmeiri en önnur.

Íslenskt hugarfar þarf til að nema annan heim.

Íslensk rannsókn myndi reynast giftusamleg.

*(Nýall, bls. 228—235, samandregið).*

*Gunnar Hjörvar tók saman.*



## KÖLLUN NÝALS:

### ÞJÓÐIN

Íslenskt þjóðerni hefir ekki af stórþjóðunum verið talið þýðingarmikið. En verra er þó, að íslenskt þjóðerni hefir ekki verið metið af þjóðinni sjálfri sem skyldi. Vér verðum að sýna, að íslenska þjóðin geti, þó lítil sé, átt þýðingarmikinn og ómissandi þátt í heimsmenningunni.

### TUNGAN

Íslenska þjóðin þarf að skilja og sýna, hvað það þýðir, að norræn tunga væri nú liðin undir lok, ef ekki hefðu forfeður vorir haft þrek til að fara að byggja þessa erfiðu úthafseyju, skilja og sýna, að íslensk tunga hefir alveg sérstakt gildi fyrir allt mannkyn.

### HEIMSPEKI

Sú þjóð, sem hefir svo lítils metið sína vísindamenn, verður að þora að vera ekki alveg sannfærð um að það sé vitfirring, þegar sagt er, að hér á landi hafi fundin verið merkilegri sannindi, en nokkur, sem kunn voru áður; að íslensk heimspeki muni fá meiri þýðingu en nokkur önnur, sem fram hefir komið á jörðu hér.

### HEIMSNÁM

Íslendingar fundu fyrstir hvíttra manna Vesturheim. Það ætti að greiða fyrir skilningi á því, að af Íslendingum megi vænta landafunda svo bragð sé að. Þar sem er sú uppgötvun, að það sem menn hafa haldið andaheim og annan heim, sé í raun rétttri þessi heimur. Það er Íslendinga að taka þátt í þessu landnámi eða heimsnámi.

### RANNSÓKN

Skorað er á Háskóla Íslands að hefja hér rannsóknir. Mundi slíkt fyrirtæki reynast giftusamlegra en menn grunar. Að reyna að rannsaka er eina leiðin. Og það sem mest ríður á er hið frjálssa hugarfar hins menntaða manns; vera ekki svo tjóðraður af óleyfilegum fyrirframsannfæringum að með því sé loku skotið fyrir, að komist verði að sannleikanum.

*Nýall bls. 231—235, samandregið).*

*Gunnar Hjörvar tók saman.*



## ALDASKIPTAHUGLEIÐING

Ég hef trú á að hið góða sigri og fer sú trú stöðugt vaxandi þó furðulegt sé, svo mjög sem helstefnan færirst nú í aukana og þenur sig út á allar hliðar. Ég held að þeir sem með okkur fylgjast, leggi nú mjög mikið í það að tefja tímann þar til eitthvað kemur fram, sem nægilega margir taka mark á (og þá væntanlega frá vísindunum), til að hægt sé að láta til skarar skríða og mun þá það sem í Nýöulunum er að finna sannarlega koma í góðar þarfir. En hvernig sem það verður, held ég að það gerist mjög snögglega, að helstefnan verði talin niður, eins og þeir segja nú til dags um verðbólguna. Enn munu þó líða nokkur ár og auðvitað finnst manni biðin löng. Þó mun nú kominn sá tími, er mönnum var ráðlagt að rétta úr sér og lyfta höfðum sínum, því lausn þeirra væri í nánd og er það von mín, að þeir sem lifa næstu aldamót, verði búnir að fá annað verkefni en að smíða helsprenjur.

Ef við nú lítum til liðins tíma, sjáum við hvað viðhorf manna til hinna andlegu mála og til þess er himingeimurinn kynni að hafa að geyma hafa breyst stórkostlega nú á allra síðustu árum. Með það í huga mætti nú ætla, að sitthvað gæti nú gerst á einum áratug í viðbót.

*Þorbergur Jónsson,  
Prestsbakkakoti.*

## LEIÐRÉTTINGAR

Í næstsíðasta hefti LÍFGEISLA 1981, nr. 34 á bls. 121. Neðsta línan, skáletruð falli burt, hún á þarna alls ekki heima.

Í síðasta hefti LÍFGEISLA 1981, nr. 35, hafa orðið eftirfarandi mistök við prentun.

Á bls. 173: Tvær neðstu línurnar eiga að vera neðst á bls. 174.

*Ingvar Agnarsson.*



## „VEISTU EKKI ENN?“ —

Það var á tímabili að mig dreymdi föðurömmu mína, rétt áður en ég frétti lát einhvers ættmanns míns. Venjulega var það nóttina áður. Ég átti frænku — föðursystur, er bjó austur á Eyrarbakka. Nú hafði ég ákveðið að heimsækja hana laugardag nokkurn, en man ekki fyrir víst hvaða ár það var. Föðurbróðir minn ætlaði líka að heimsækja systur sína. Aðfaranótt þessa laugardags dreymir mig ömmu. Ég sá hana bara í draumnum, án þess hún segði neitt, horfði aðeins á mig. Þannig var það ævinlega þegar mig dreymdi hana. Um morguninn, þegar ég vaknaði datt mér strax í hug, að nú myndi ég fljótlega fréttu lát einhvers mér náskylds.

Svo fór allt eftir því sem við höfðum ákveðið með ferðalagið til frænku minnar, en alltaf datt mér draumurinn um ömmu í hug. Ég fer svo að tala um það við föðursystkini mín, að nú muni ég fréttu lát einhvers af frændfólki mínu, því mig hafi verið að dreyma hana ömmu í nótt. Þau voru ekkert trúuð á það; sögðu að hún hefði vitað um þetta ferðalag okkar og langað að koma með. Ég lét það gott heita og hugsaði minna um þetta.

Næst frétti ég lát móðurbróður míns, sem átti heima austur á Fljótsdalshéraði, heyrði dánartilkynninguna í útvarpinu. Hann hafði látist þennan umrædda laugardag. Svo einkennilegt sem það var, datt mér ekkert í hug að setja það í samband við drauminn um ömmu. Nú líða nokkrir dagar. Svo er það miðvikudaginn næsta á eftir, að ég er ein heima og sest við sauma. Allt í einu finnst mér, að ég sé ekki ein í herberginu og lögð sé hönd á öxl mér, komið fast að vinstri vanga mínum og ég sé fyrir mér andlit móðurbróður míns og þykir mér hann segja brosandí: „Veistu ekki enn við hvern hún á?“.

Þá rann upp ljós fyrir mér og ég skyldi hvað amma vildi segja mér. Ég hvorki „sá“ eða „heyrði“ þetta, sem fyrir mig bar, á venjulegan hátt. En fátt man ég betur, þó liðin séu öll þessi ár.

*Svava Jónsdóttir.*



## HUGLEIÐING UM INNBLÁSTUR

Á meðal okkar eru margir sem kallast skáld, misgóð að vísu, en öllum þeim það sameiginlegt að vilja segja okkur eitthvað í ljóði eða sögu. Eins og að líkum lætur, þá hafa ekki allir árangur sem erfiði. Sum skáld ná þjóðarhylli, en önnur komast ekki lengra en svo að vera talin leirskáld eða blekbullur. Þjóðskáldin, þessi góðu, yrkja margt en þó nokkuð misgott. Þegar lítið er yfir skáldskap þeirra, þá kemur fljótt í ljós, að örfá verk, kvæði eða sögur, skera sig úr og eru gjarnan talin snilld, innblásin verk, eins og það er stundum kallað. Hann, eða hún, fékk innblástur, er mikið skáld. Þar við situr, fæstir láta eftir sér að skoða þetta nánar, kanna hvað innblástur er, ég vil þó reyna.

Það má segja að með þessu setji ég mig í gapastokkinn, að ætla mér að gera tilraun til skýringa, ég sem ekki er þjóðskáld, hef ekki einu sinni gefið út bók. Það sem ég segi nú um innblástur, get ég ekki sótt til annarra og verða að byggja á eigin athugunum. Rétt er að geta þess, að ég hefi lengi fengist við að yrkja ljóð, með ærið misjöfnum árangri, sumt hreint bull, sumt sæmilegt og svo bregður fyrir einum og einum glampa, sem nálgast skáldlegt flug. Þarna er ég loksins kominn að kjarna málsins, skáldlegt flug, innblástur, hvernig má þetta ske, hví nær maður allt í einu slíkum tókum á ljóðinu eða sögunni, að úr verði snilldarverk? Er þarna að verki eigið atgervi?

Það hafa komið yfir mig þær stundir, að ég finn mig knúinn til þess, sem kalla má listræn störf, þá er eins og eitthvert afl, mér óþekkt, sem ég er hvorki fær um að skilgreina né skilja á venjulegan hátt, setjist að mér og beinlínis geri líkama minn og huga háða ógerðu verki. Stundum verður samfara þessu órói, ég verð einhvernvegin ónógur sjálfum mér og geng þá gjarnan um gólf og að fenginni reynslu er ég þess fyllilega meðvitandi, hvað er á seyði, þó ég í fyrstu viti ekki hvort þetta leiðir til vísu, kvæðis eða myndar. Sú stund er þetta ástand varir er mislöng, e. t. v. nokkrar mínútur, e. t. v. hálf stund, en þau verk sem unnin eru að henni lokinni eru oftast betri en þau sem unnin eru af eigin vilja einum saman. Stundum verður þó aðdragandinn mjög stuttur eða jafnvel enginn, þá er eins og skjóti í hug mér því er fremja skal, getur slíkt orðið svo ágengt að ekki verði komist hjá því að sinna verkinu. Oft eru þó aðstæður þannig, t. d. vegna vinnu, að slíkar stundir



nýtast ekki, þá er eins og eftir verði tómleiki sem nærri má segja að óbragð sé að.

Ég hefi oft hugleitt þessi fyrirbæri og þegar ég skoða afleiðingar eða árangur, þá kemst ég að því, að oftast er það efni sem vinnst á þennan máta, efni sem ég hafði ekki hugleitt til verka, jafnvel svo að það kom mér í opna skjöldu, þar stakk é gvið fótum í athugun minni. Voru þá ekki mörg mín bestu verk eftir mig þegar allt kom til alls? Höfðu þá ekki þjóðskáldin sjálf orkt snilldarkvæðin sem þau voru mest dád fyrir? Þar kom, eftir margar athuganir, að ég þóttist sjá samhengi, ég þóttist skilja að flest af því sem við gerum best, náum við að gera fyrir atbeina einhverra, sem okkur eru fremri, einhverra sem ná því að koma til okkar hluta af snilldar orðbragði eða handbragði, slíku sem við eigum annars ekki til.

Sennilegt er að innblástur í vöku sé helst þekktur, en dæmi eru um innblástur í svefni, draumi, og náist að halda drauminum yfir skilin milli svefns og vöku, þá getur snilldarverk af sprottið. Eftirtektarvert atriði er mögnun, sá sem nýtur magnanar er oftast nær því að fá innblástur en hinn sem er vanmegna. Þar má e. t. v. finna ástæðu til ýmissa perla þjóðskáldanna, sem njóta hylli (magnanar) fjöldans. Þetta kann að virðast langsótt, en benda má á að oft rekur maður sig á þá staðreynd að auðveldara getur verið að yrkja vísu í nálægð eins manns, en áhrif annars virðast kæfa getu og vilja til vísnagerðar. Hví skyldu þá ekki áhrifin verða sterkari og betri, þegar tengsl nást við öflugri lífendur en við þekkjum hér.

Það er ef til vill hart aðgöngu að verða að viðurkenna, að margt af því sem maður gerir best sé annars verk eða hugsun og flest okkar eru eigingjarnari en svo að við eigum þarna hægt um vik. Þó ættum við fljótt að sjá að þarna ættum við frekar að þakka og gleðjast yfir því að fá tækifæri til þess að eiga þátt í góðu verki, hvort sem það er ljóð, málverk eða eitthvað annað sem getur veitt einhverjum aukna gleði og skilning, því þá skiptir hitt ekki máli hver er hinn raunverulegi höfundur. Við getum líka huggað okkur við það að kannske erum við þess megnug að veita innblástur einhverjum þeim, fjarri eða nærri, sem þó eru skemmra á veg komin en við þó erum.

*Haukur Sigtryggsson.*



## RAGNARÖK

Daprir eru dagar  
og dimmar nætur  
í heimi, sem bálför er búin.  
Æsast eldar  
í iðrum sólar  
uns logar loft og sær.

Á andartaki  
allt líf er slokknað  
á mildri móðurjörð.  
Hvað olli þeim ógnum  
að eldur sólar  
bræddi björg og steina?

Ill verk unnin  
af óvitrum mönnum  
ollu þeim aldahvörfum.  
Framar aldrei  
hin fagra jörð  
skreytist skini sólar.

Horfin eru bæði  
úr heimi stjarna  
fold og hin fagra sunna.  
En mannkyn jarðar  
í marga staði  
dreifðist á dimma hnetti.

Þá heimsslit verða  
á himinstjörnu,  
er ósigur beðinn  
í alheims ranni.  
Hlakka harðstjórar  
í heljar stöðum,  
en drúpa höfði  
dýrðleg regin.

*Ingvar Agnarsson.*



## FÓSTURMORÐ

### I.

Ég var drepinn áður en dag ég leit,  
dæmdur í burt úr lifenda sveit.

Ég var drepinn áður en dagur rann,  
þann daginn fyrsta ég aldrei fann.

Ég lífi var sviptur og ljósinu bjarta,  
og langt var mér fleygt út í myrkið svarta.

Aldrei ég skyldi á ykkar foldu  
alast né lifa ofar moldu.

Sá dómur var harður, að deyða mig  
og dimman mig senda á heljar stig.

### II.

En Aldafaðir með ástríkt hjarta  
upp mér lyfti í ljósið bjarta.

Fram er ég liðinn til fegurri landa,  
þar fríðustu blóm í skrúði standa.

Lífsins þar ómar ljúfur klíður.  
í ljóssins heimi er ást og friður.

### III.

Drepið ei ykkar ófæddu börn,  
en ætíð þeim verið skjól og vörn.

Því ófætt barn er orðið maður,  
allt annað er svik og blekkinga þvaður.

*Ingvar Agnarsson.*



# Draumar

## Draumur um fugl með fjóra fætur

Hér kemur draumur sem mig dreymdi ekki alls fyrir löngu:

Draumur sá hófst þar sem ég stóð í uppþornuðum árfarvegi, að öðru leyti en því, að smá lón var í gljúfurkjaftinum og var ég þangað kominn til að veiða fisk í þessu lóni. Veiðarfærin voru vatnsfata og hrífuskaft, og hóf ég þegar veiðiskapinn. Setti ég prikið undir fiskana og henti þeim á þurrt. Þegar ég var búinn að veiða þrjá fiska, setti ég þá í fötuna, hætti veiðinni og gekk með hana smá spöl upp í árgljúfrið, skildi fötuna og skaftið þar eftir og gekk til baka. Há grasbrekka var á aðra hönd en hraun á hina; gekk ég nú smá spöl upp í brekkuna og settist þar niður. Ekki hafði ég lengi setið, er ég sá að kona kemur hlaupandi niður brekkuna og stefnir til mín. Fór mig nú að gruna að kannski hefði ég ekki mátt veiða þarna og ætti nú að taka mig í landhelgi. Fannst mér nú gott til þess að hugsa, að hafa skilið veiði og veiðarfæri eftir inni í gljúfrinu og var ég staðráðinn í að þræta fyrir allan veiðiskap, meðan nokkur leið væri. Leið nú ekki á löngu að kona þessi væri komin til mín. Ekki yrti hún á mig, en horfði rannsakandi í kringum sig. Ekki veit ég nú, hvort hún var að gá að ummerkjum um veiðiskap eða ekki, þó að mín vonda samviska teldi nú að svo væri.

Þetta var ung kona og þekkileg, ekki í neinu frábrugðin því sem maður á að venjast og klædd mjög svipað því, sem gerist um stúlkur nú til dags. Settist hún nú niður og tókum við tal saman. Vildi hún að ég kæmi með sér upp brekkuna, upp að hömrum, er við tóku er brekkunni sleppti og þóttí mér að þar ætti hún heimili og þá ég það.

Lögðum við svo af stað. Þegar kom í miðja brekku tylltum við okkur niður. Sá ég þá að stór steinn var til hliðar við okkur þarna í brekkunni og undir honum skúti, er ekki sá í botn á. Sem ég er að horfa á stein þennan, sé ég hvar unglingsstrákur kemur hlaupandi ofan brekkuna og stingur sér inn í skútann. Skipti það engum togum, að út úr skútanum kom fugl með miklum bægsлагangi og settist í brekkuna mitt á milli okkar og steinsins. Vissi ég að



fuglinn átti hreiður þarna inni og strákurinn væri þar kominn til að ræna hann. Var ég nú hálf óhress yfir þessu framferði, en hafðist þó ekki að.

Fór ég nú að virða fyrir mér fuglinn. Var þetta nokkuð stór fugl, svartur og hvítur og þó meira hvítur, með dökkt nef, nokkuð langt, beint og sterklegt, augu stór og skær með ljósrauðum hring. Líklega hefur fuglinn séð hvað verða vildi, því nú hóf hann sig til flugs og þá sá ég nokkuð, sem kom mér á óvart. Hann hafði fjóra fætur og er hann tók flugið lagði hann tvo fram og námu þeir við miðjan háls, en hina tvo aftur, eins og venja er. Flug hann fyrst skáhallt upp í nokkuð mikla hæð, en svo lárétt. Flug hann hratt og hvarf fljótt úr augsýn. Það þótti mér sérkennilegt við flugið, að hann geigaði ekki neitt til á fluginu, línan var þráðbein. Lengri varð svo draumurinn ekki.


En hann var nógu langur til þess að sýna mér, að til eru hnettir í himingeimnum, sem fóstura fólk, fugla, grasbrekkur, hamra, ár-farvegi, hraun og sjálfsagt margt fleira, því fjórfættir fuglar held ég að séu ekki til á þessari jörð, sem við byggjum.

*Þorbergur Jónsson,*

*Prestsbakkakoti.*

## Litaskipting eftir berglögum í fjalli. — Draumur

Mig dreymdi, að ég stæði úti og horfði á fjall eitt, eigi allfjarri, e. t. v. í svo sem fimm kílómetra fjarlægð. Mér þótti fjallið fagurt og horfði ég á það með aðdáun. Í fyrstu veitti ég einkum útlínum þess og annarri lögun athygli. Ég tók t. d. eftir að öll berglög fjallsins



*Lögun hins draumséða fjalls mun hafa verið svipuð því sem hér er sýnt.*



voru lárétt, hvert ofan á öðru (líkt og er í íslenskum blágrýtisfjöllum), en svo veitti ég því skyndilega athygli, að litbrigði voru mikil í fjallinu, og fór það eftir berglöggunum. Voru litirnir mismunandi í hverju lagi fyrir sig, bláleitir, grænleitir, rauðleitir og þó með ýmsum litblæ frá einum stað til annars.

Heillaður horfði ég um stund á þetta fagra fjall, en brátt tók litaskynjunin að óskýrast og innan skamms vaknaði ég frá þessari skýru draumsýn.

*Ingvor Agnarsson*  
(Dreymt 15. febrúar 1981).

## Draumur um árekstur í lofti

### I.

Dreymdi mig eitt sinn allsérkennilegan og áhrifamikinn draum. Þótt langt sé um liðið síðan, stendur hann mér enn í fersku minni, eins og þótt mig hefði dreymt hann í nótt. Þetta var á meðan síðari heimsstyrjöldin, 1939—1945, stóð sem hæst, og daglega bárust fréttir af voðaatburðum.

Mér þótti ég standa úti í niðamyrkri og horfa til loftis. Hvergi sást ljósglæta á himni eða jörðu.

Í fjarska birtist ljós á himninum. Það færðist óðfluga nær og stækkaði. Og er það færðist nær, greindist það sundur og varð að fjórum ljósum. Ég skildi, að hér voru flugvélar á ferð. Þær flugu með miklum hraða, beint yfir staðinn, þar sem ég stóð. Og er þær voru beint uppi yfir mér, gat ég vel greint dauf ljós, eftir bolum þeirra endilöngum. Og ég þóttist skynja eða vita um alla lögun þeirra. Þær voru mjög mjóar og langar og vængirnir stuttir út frá bol þeirra. Þær þutu yfir mig og framhjá mér með ákaflega miklum hraða og véladynurinn var mikill og líkastur háværum samfelldum gný, sem ekki var eins og í skrúfuflugvélum þeim, sem ég hafði áður séð og heyrt í. Ég vil geta þess, að þotur voru þá óþekktar hér á jörð. En síðar, eftir að ég hef heyrt dyn í þotum, þá er greinilegt, að gnýr flugvélaanna í draumnum var samskonar, eins og heyra má í herþotum þeim, sem oft fljúga nú yfir höfðum manna, bæði hér á landi og annarsstaðar.



Í draumnum horfði ég á eftir flugvélum þessum, eftir að þær höfðu þotið framhá mér. Ég sá ljós þeirra smádofna og nálgast hvert annað meir og meir, uns þau að lokum litu út sem eitt ljós í fjarskanum.

En þá gerðist nokkuð óvænt. Ljosið breyttist í geysilegan blossa og mér skildist samstundis, að flugvélarnar hefðu rekist saman, og orðið af mikil sprenging. Ég sá eldglæringar stefna í allar áttir, og ég sá marga lýsandi hluti falla til jarðar. En út frá þessari miklu sprengingu sá ég hvar ein flugvél, raunar sem lítill birtudepill, beygði til hægri og flaug í burtu frá slysstaðnum. Ég skildi þá, að þrjár flugvélanna hefðu farist, en ein komist af. En jafnframt þessu þóttist ég skilja, að hér hefði verið um vísvitandi skemmdarverk að ræða, og væri það að kenna flugvélinni, sem undan komst. Jafnvel fannst mér, að þar væri um flugvél að ræða úr liði óvinanna, og hefði flugmönnum hennar tekist að villa á sér heimildir, og þannig komist í færi við hinar þrjár, til að granda þeim.

## II.

### Tæknisambönd við önnur mannkyn.

Á styrjaldartímum mun ekki óalgengt, að menn dreymi stríðs-drauma. Hið almenna aflsvæði stillir dreymendur til sambanda við aðra hnetti, þar sem styrjaldarástand ríkir. Kemur þá oft í ljós, að dreymandinn skynjar og sér aðra tækni viðhafða en þá, sem hér er ráðandi. Stundum er sú tækni lengra komin en hér, þótt síðar eigi hún e. t. v. eftir að þróast hér í sömu átt. Mun það vera eitt af lögmálum þróunar, að tækni margra hnatta fari saman, eða þróist í sömu átt samtímis, en þó nokkuð mishratt. Á einum hnetti nær einn þáttur hennar lengra en hjá öðrum. En þeir sem dragast aftur úr um sinn, færast þó smátt og smátt í sömu áttina, og ná hverjum tækniáfanganum á fætur öðrum, þótt mishratt gangi hjá hinum ýmsu mannkynjum.

Þessi tækniþróunarmannkyn munu vera í allnánnum lífsamböndum hvert við annað. Svo mun og vera með okkar mannkyn. Vegna sambanda okkar jarðarbúa við tækniþróuð mannkyn annarsstaðar í geimi, hefur vélamenningu okkar fleygt fram á skömmum tíma, og mjög langt umfram það, sem annars hefði orðið. Tæknifrömuðir okkar jarðar munu standa í mjög nánum vit- og hugsamböndum við starfsbræður sína á öðrum hnöttum og þiggja frá þeim ýmsar snjallar tækni-hugmyndir, oftast þó óvitandi um þessi sambönd eða hvaðan þeim koma nýjar hugmyndir.



Tæknimenningu fylgja ekki ætíð sannar framfarir, svo sem augljós eru dæmin um frá okkar jörð. Margt í tækni okkar hefur verið tekið í þjónustu dauðans og eyðileggingarinnar og skapað milljónum manna óþolandi hörmungar, gagnstætt því sem vera ætti, ef rétt væri stefnt.

Jarðarbúar virðast ekki hafa haft tæknisambönd við mannkyn á sannri framfaraleið, heldur við önnur, þar sem hin illa stefna ríkir, stefna þjáninga og dauða, og þar sem tæknin beinlínis eykur á hörmungar lífsins. Þessvegna hefur notkun tækninnar einnig farið út á hliðstæðar brautir hér.

Hér er hin mesta þörf á að breyta um sambönd, svo að tækni og verkunnátta leiði ekki til ills, heldur verði ein af undirstöðum sannrar farsældar öllu mannkyni til handa.

*Ingvar Agnarsson*

*(Ritað 2. september 1979).*

## „Nedanjardarstjarnan“. — Draumur

### I.

Mig dreymdi að við Þorsteinn Guðjónsson vorum saman einhversstaðar úti og ræddum um fyrirlestur, sem maður nokkur ætlaði að halda. Þótti mér fólk hafa safnast saman eigi allfjarri, eða í svo sem eins til tveggja km fjarlægð, og sáum við staðinn á lengdar, þar sem samkoma þessi átti að fara fram. Horfðum við þangað og einnig heyrðum við, eins og úr fjarska, allt sem ræðumaður sagði. Þótti mér hann eiga að tala um heimsfræðileg efni, og hafði ég hug á að hlusta eftir hverju orði.

En því lengur sem ég hlustaði, því ver féll mér málflutningur hans. Þótti mér hann til dæmis ræða um stjörnufræði á hinn vitlausasta og fátánlegasta hátt. Kom þar fyrir í ræðu hans orðið „*nedanjardarstjarna*“, enda talaði hann um stjörnurnar, eins og væru þær innan í jörðinni, eða a. m. k. innan í afmarkaðri kúlu. Ég þóttist segja við Þorstein: „Hann talar eins og fulltrúi *holheimskennningarinnar*, þessi maður.“ Þorsteinn játti því. Fannst okkur maður þessi gera mikinn skaða með því, að boða slíka kenningu.

En ég gerði meira en að heyra þau orð, er ræðumaður flutti. Ég skynjaði einnig hugsanir og viðbrögð þessa fólks, sem hlustaði



á ræðumann. Það meðtók boðskap hans mjög svo fúslega og var hrifið af málflutningi hans. Mér fannst þessi afstaða fólksins til umræðuefnisins og túlkunar mannsins á því, berast mér eins og frá einum samstilltum hópi manna, sem á þeirri stundu hafði eins og eina samræmda hugsun eða eina sál. Þótti mér illt að vita til þess, hve fólk varð þarna samstillt í að trúá vitleysunni, sem því var boðuð af ræðumanni.

Hugleiðingar mínar urðu ekki lengri, því upp frá þessu vaknaði ég.

## II.

Þorsteinn Guðjónsson hefur sagt mér, að nokkru síðar, en mig dreymdi draum þennan, hafi kunnur háskólamaður, lektor, flutt erindi í útvarpi, þar sem hann ræddi um stjörnufræði á mjög villandi hátt.

Ekki er ólíklegt, að ýmsir stuðnings- eða samstarfsmenn hans hafi vitað um og fallist á hugsunina í erindi hans, nokkru áður en það kom fram í útvarpi, og hafi þessi vitneskja samstarfsmanna lektorsins stillt mig til draumsambands þangað, sem reynt er að villa um fyrir fólki með því að boða því öfugsnúið álit á vísindalegum sannindum.

En hér hefur farið sem oftast, að „oft er í holti heyrandi nær“, og draumgjafi minn, sem verið hefur fróður um þessi efni og sannleikselskandi, hefur fylgst með erindisflutningi ræðumannsins, sem e. t. v. hefur vitað betur en orð hans gáfu til kynna. Og vegna þessarar vitneskju draumgjafa míns um blekkingartal ræðumanns, hefur komist upp um hann og er vonandi, að hann hafi ekki náð þeim árangri, sem stefnt hafði verið að. Auk þess hafa svo blekkingar þessa ræðumanns borist til jarðar okkar og e. t. v. til annarra jarða, vegna sambands við draumgjafa þann, sem þarna var áheyrandi.

Alheimurinn er opnari hugsunum manna, en við almennt gerum okkur grein fyrir. Fjarsambönd hnatta á milli eiga sér stað og hafa áhrif, þar sem þau koma fram, hvort heldur er til góðs eða ills. Vitneskja berst frá einum til annars, hvar í alheimi sem þeir eiga heima. Þegar vitneskja berst, að lífgeislaleiðum, til annars hnattar, um tilraunir til skemmdarverka eða til afvegaleiðslu einhvers hóps fávísra manna, þá opnar sú vitneskja hlið til hjálpar, eða til leiðréttingar, sem e. t. v. er þá unnt að koma fram meðal þeirra, sem fyrir blekkingum verða eða tilraunum til afvegaleiðslu eða slævingar dómgreindar.

*Ingvar Agnarsson*

*(Dreymt 15. desember 1975).*



# Sambandsfundir

## Fyrir miðilsmunn

90. Helgi Pjeturss: Jæja, þið eruð að ná sambandi hér sem oftart út fyrir hnöttinn. Þannig þyrftu fleiri að hugsa og þjóðin í heild ef vel ætti að vera. Það hefur oft verið þannig að það sem vel er gert, að það hefur mætt lítilsvirðingu fjöldans. Hætta er á að þetta verði við líði enn því miður. Andstaða gegn nýrri hugsun einkennir mörg fleiri mannkyn en á ykkar jörð. Og það hefur mikla þýðingu fyrir vetrarbrautina, hvort við verður tekið.

P. G. Sérðu nokkuð hilla undir að svo verði?

Já, á fjölda hnatta.

Ýms öfl eru enn sterk. Þarf að ná að lama þau. Að skilningur nær ekki, sambandsskilningur sá, sem ég var að vekja athygli á langa æfi með litlum árangri. En þó er enn von, að áhrifa hans muni gæta svo um muni. Í því sólhverfi, sem þið eigið heima, þar er komið til aflsvæði, hið fyrsta sinnar tegundar. Það aflsvæði vekur skyld aflsvæði annarsstaðar og magnar. Það styrkist og það ryður sér til rúms á fleiri . . . ungt fólk í framtíðinni. Mun verða meira hægt að segja um þetta nánar. En ég hefi nú sagt, hvernig það aflsvæði er í uppsiglingu nokkurri.

(Ath. Ekki nákvæmt) 25. 8. '80.

91. Komið sæl. Jæja, nú er nokkuð umliðið síðan ég lét til mín heyra síðast í sambandsstöð ykkar, en hugsað til Íslands og vitað til ykkar starfsemi og hefi mikinn hug á framgangi ykkar málefnis, að styðja Nýsalsstefnuna. Þó fjarlægð sé nú talsverð sem aðskilur okkur, þá er samt hugurinn sterkur til Íslands og Íslendinga. Mikið er undir huganum komið, að hans gæti se mheillavænlegast, áhrifa hans á sem heillavænlegastan hátt nær og fjær og fjargeisla hug sínum til áhrifa og magna annarra hugi. Það eru huggeislar sem Íslendingar geta beitt til áhrifa á allt mannkynið, stilliáhrifa. Rétt er stefnt til samskilnings með þeim sem lengra eru komnir á þroska-brautinni á öðrum hnöttum. Áreiðanlega er þá rétt stefnt. Þannig þar föll þjóðin að stefna einum huga í slíku máli sem Nýsalsinnar hafa sameinast um. Merkileg hreyfing er byrjuð hér. Þannig hreyfing



þyrfti að ná meiri athygli þjóðarinnar. Er þjóðinni gæfuríkt að fylgja Nýsálstefnunni samhuga. Hér, þar sem ég nú hugsa til ykkar á öðrum hnetti annars sólhverfis, hefi ég mikið hugleitt þessa hluti frá ýmsum hliðum og komist að öruggri niðurstöðu um þýðingu skilnings á heimssambandi lífsins. Í mannlífi eru straumar og ólgur miklar á stundum, hugirnir sundraðir og andstilltir oft. Það virðist einkenna mannkynið ólga og sundrung og vanstilling. Afleiðingar þeirrar ólgu og sundrungar eru oft hina rskelfilegustu. Það eru öfl helstefnunnar sem eru að verki og hér er þörf stefnubreytingar til bjagar frá glötun. Slík stefnubreyting sem svo mikil þörf er á, hefst með breyttri heimsmynd, heimsfræði. Í vísindalegri heimsmynd felst björgunarmöguleiki, sú hugarfarsbreyting sem vísindaleg heimsmynd leiðir af sér.

Spurning: Ertu eitthvað með í huga atburði þessara daga (forseta-kosningarnar?). Þú ert nú stjórnmalamaður?

Það eru áhrif sem beinast til Íslendoinga, er þeir taka sér þjóðhöfðingja. Þannig sameinast þeir eða stór hluti þjóðarinnar um stundarsakir að minnsta kosti um ákveðinn einstakling sem þjóðhöfðingja. Slíkt er heillavænlegt ef um sannan þjóðhöfðingja er að ræða. Merkilæg áhrif geta komið fram í lífinu út frá þessum atburðum.

Spurning: Telur þú ekki að vel hafi tekist til?

Vonandi að þessi afrekskona sé sínu hlutverki vaxin og styðjum hana til góðra verka.

Ég vona að þjóðin beri gæfu til að samstillast í nýölskum skilningi, þá munu leysast erfiðleikarnir sem annars verða ill- eða óviðráðanlegir.

Af mínum stjórnálaferli hefi ég nokkurn skilning á mannlegu eðlisfari ýmsu en ég var ekki neinn heimspekingur sem kallað er, þó ég hafi í framlífi hneigst til slíkra hugsana meir en áður var. Lít nú öðrum augum á margt. Frá hærri sjónarhóli hefi ég horft á jarðleg vandamál en áður. Ég hugsa til Íslands og Íslendinga í von um að geta lagt fram góðan hug og vit nokkuð.

Ég ætla þá ekki að hafa þetta lengra að þessu sinni. Þakka fyrir gott hljóð. Verið sæl.

(Ólafur Thors) 30. 6. '80.

92. Helgi Pjeturss: Hér er kona sem á í erfiðleikum.

Sæl vertu. Þú ert komin á aðra stjórn og búin að fá annan líkama.

Ég drakk. Ég er í þoku.



Þér verður komið til hjálpar. Hugsaðu til einhvers sem er dáiñ og var þér góður.

Hér kemur fólk. Parna er andlit sem ég kannast við. Þakka ykkur fyrir.

6. 10. '80.

93. Tala guðirnir íslensku?

Íslenska málið kemur næst máli guðanna, það sem ég hefi komist næst.

Talaði Kristur íslensku?

Varla mun hann hafa kunnað það mál. Hans mál var ekki íslenskan, þó vitur og mannvínur væri. Hann hafði ótrúlega sambands-hæfileika, sem sagan ber vott um í lífi og verkum. Þannig að fá dæmi eru um sambærilega sambandshæfileika. En þekkingu mun hann ekki hafa haft til að styðjast við eins og þurft hefði. Frá sambandsveru sinni þáði hann kenningu sína og mátt sinn. Bendir það til, hvert stefna skuli, margt, er hann kenndi.

(Dungal) 11. 8. '80.

94. Það fylgir mönnum í framlífi allt gott eins og það gagnstæða reyndar. Þegar það er, þá er nú betra að breyta hugsun sinni.

(Runólfur) 29. 9. '80.

95. Hver einstaklingur ætti að hugsa um hvað við tekur, þegar þessu skamma æviskeiði á ykkar jörð er lokið og það ríður á, að menn geri sér hér glögga grein fyrir því, hvað bíður hins framlíðna einstaklings.

(Óþekktur maður) 6. 10. '80.

96. Helgi Pjeturss var öðrum skarpskyggjari í undirstöðuatriðum varðandi eðli framlífsins. Það er hin mesta nauðsyn á, að menn gefi gaum að þeim merku niðurstöðum hans og byggji þar á rannsóknir í þessum efnun.

(Óþekktur maður) 6. 10. '80.

97. Það er merkilegt, hvernig menn geisla hugsun sinni hver til annars og það má segja, að það skipti ekki litlu máli, hvers eðlis hugsunin er, sem menn geisla frá sér og þetta verður ekki ljóst fullkomlega án rannsókna og athugana á þessum mismunandi áhrifum, er menn með hugsun sinni hafa á hugi annarra.

(Óþekktur maður) 6. 10. '80.

*Gunnar Hjörvar*

*ritaði eftir segulbandsupptöku.*



# Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA  
Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík  
Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

## EFNISYFIRLIT:

### ERINDI OG GREINAR:

Sólmyrkvi (Sjá forsíðumynd) I. A. ....	Bls. 2
Samstillingin. Þorsteinn Þorsteinsson, lífefnafræðingur	— 3
Tvennt eftirtektarvert. Þorsteinn Jónsson .....	— 6
Einkennileg fyrirbæri. Áshildur Öfjörð .....	— 7
Hvarf hrærivélar. — Hark í sundlaugarbyggingu. — Að- vörunarhögg. — Fótatak. — Dulheyrn vegna dáins hunds.	
Áhrf Óðns og Día á íslenska þjóð. Halldór Pjetursson	— 11
Saga norðursins. Þ. G. ....	— 14
Samband við framliðna. Þorsteinn Guðjónsson .....	— 15
Týnda bókin. Guðm. Guðbjartsson .....	— 17
Samskyrnjun stjarnbúa. I. A. ....	— 18
Stjörnuhiminn. — Draumsýn.	
Nýayll. Kenning — Köllun. Gunnar Hjörvar tók saman	— 19
Köllun Nýals. Gunnar Hjörvar tók saman .....	— 20
Aldaskiptahugleiðing. Þorbergur Jónsson .....	— 21
Veistu ekki enn? Svafa Jónsdóttir .....	— 22
Hugleiðing um innblástur. Haukur Sigtryggsson .....	— 23

### LJÓÐ:

Ragnarök. I. A. ....	— 25
Fósturmorð. I. A. ....	— 26

### DRAUMAR:

Draumur um fugl með fjóra fætur. Þorbergur Jónsson	— 27
Litaskipting eftir berglögum í fjalli. — Draumur (með mynd). I. A. ....	— 28
Draumur um árekstur í lofti. I. A. ....	— 29
Neðanjarðarstjarnan. I. A. ....	— 31

### SAMBANDSFUNDIR:

Fyrir miðilsmunn. Gunnar Hjörvar ritaði .....	— 33
Leiðréttingar .....	— 21
Til lesenda Lífgeisla .....	— 5

### MYR:

Simon Jóh. Ágústsson: „Gleymd stef en geymd“ .....	— 13
--	------